

Nr. 197

26. febrúar 2020

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldsvæðum stöðureita í Reykjavíkurborg.

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur hefur, í samræmi við 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að gjaldsvæði 1 rúmist innan og afmarkist af Hverfisgötu, Rauðarárstíg frá Hverfisgötu að Laugavegi, Snorrabraut frá Laugavegi að Grettisgötu, Grettisgötu að Frakkastíg, Frakkastíg upp að Njálgsgötu, Njálgsgötu að Bjarnastíg og öllum Skólavörðustíg; Týsgötu að Spítalastíg, Spítalastíg að Ingólfssstræti, Ingólfssstræti að Amtmannsstíg, Amtmannsstíg, Lækjargötu, Vonarstræti, Suðurgötu, Aðalstræti, Vesturgötu frá Garðastræti, Grófinni, Tryggvagötu, Geirsgötu og Kalkofnsvegi að Hverfisgötu. Þá verður Túngrata, Grjóttagata, Brattagata, Miðstræti og Fischersund gjaldsvæði 1 frá Aðalstræti upp að Garðastræti.
2. Að Borgartún verði gjaldsvæði 1 í stað gjaldsvæðis 2 frá Katrínartúni að Bríetartúni.

Ákvörðunin tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Skrifstofu sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, 26. febrúar 2020.*

**Glóey Helgudóttir Finnsdóttir** skrifstofustjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2020